

## Ársskýrsla vísindanefndar 2000

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskólans. Við útlutunarvinnuna á árinu 2000 var unnið samkvæmt sama úthlutunarferli og innleitt var 1999 þar sem faglegt mat var skilið frá úthlutunarvinnunni.

Við faglega matið störfuðu þrjú fagráð: Fagráð heilbrigðisvísinda, fagráð hug- og félagsvísinda og fagráð verk- og raunvísinda. Í hverju fagráði voru u.þ.b. 5 fulltrúar þar af einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Lögðu fagráð fram faglegt mat um allar umsóknir á sínu fagsviði. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan framkvæmdur af vísindanefnd. Við útlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og árið áður og leitast við að styrkja sérstaklega góð verkefni eins vel og mögulegt var. Meðalstyrkur úr Rannsóknasjóði HÍ var svipaður og 1999 eða 592 þkr.

Vísindanefnd tilnefndi þrjú vísindamenn til verðlauna vegna árangurs í rannsóknum. Nefnd undir forsæti rektors valdi síðan Guðmund Þorgeirsson, prófessor í læknadeild og voru honum veitt verðlaunin á háskólahátíð í byrjun september.

Vísindanefnd vann ásamt öðrum starfsnefndum háskólaráðs að samningi um rannsóknafjárveitingar til Háskólans. Þá var einnig unnið að drögum um áætlun um rannsóknánám til ársins 2005. Tillögur um rannsóknalíkan vegna skiptingar fjárveitinga voru ræddar í nefndinni svo og vísinda- og menntastefna Háskólans sem lögð var fram á háskólafundi í nóvember.

Nefndin gaf umsögn um starfsskyldur prófessora, en eftir slíkri umsögn hafði verið óskað frá háskólaráði. Þá var einnig unnið að Reglugerð fyrir Háskóla Íslands sem samþykkt var í háskólaráði í júní. Ennfremur voru afgreiddar umsóknir um lækun kennsluskyldu nýráðinna kennara.